



## Iðnaðurinn og þjóðartekjurnar 23. desember 1952

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dóms- og Utanríkisráðherra – Iðnaður – Þjóðartekjur –  
Landbúnaður – Sjávarútvegur – Opinber þjónusta – Önnur þjónusta - 1952

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-11, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. des. 1952.

Iðnaðurinn og Þjóðartekjurnar

I.

Umræddar upplýsingar um hlutdeild iðnaðarins eru teknar úr bók Ólafs Björnssonar: Þjóðarbúskapur Íslendinga, bls. 306, og eru fyrir árið 1950. Hér fara á eftir tölurnar fyrir árin 1947 og 1950, eins og þær eru í þessari bók.

Þjóðartekjur  
í milj. króna

	<u>1947</u>	<u>1950</u>
Landbúnaður	230	204
Sjávarútvegur	230	305
Iðnaður	420	392
Opinber þjónusta	96	120
Önnur þjónusta	344	356
Þjóðartekjur á framleiðsluverði	1,320	1,377
Óbeinir skattar að frádregnum framleiðslustyrkjum	136	216
Þjóðartekjur á markaðsverði	1,456	1,593

Þótt umræddar tölur séu fyrir 1950, eru tölurnar fyrir 1947 teknar með hér, vegna þess að seint það ár fór fram sérstök rannsókn á iðnaðinum, sem gefur talsverðar upplýsingar um hverja löngrein. Upplýsingarnar ná að vísu aðeins yfir níu fyrstu mánuði ársins 1947, en <sup>áður</sup> þær eru alls staðar notaðar þannig að einum fjórða er bætt við þær, vegna seinasta ársfjórðungsins.



## II.

Hugtakið "iðnaður" er hér notað í allra víðtækustu merkingu, og nær þannig einnig til alls handiðnaðar. Þannig er þátttaka innlendra framleiðsluafla í verklegum framkvæmdum (fjárfestingu) talin með iðnaðinum. Árið 1947 er <sup>þat, sem talið er</sup> "iðnaður" ~~samkvæmt~~ <sup>í</sup> rannsókn fjárhagsráðs, talið framleiða (skapa verðmæti, value added) fyrir 291 m. kr., en hlutdeild iðnaðarins í þjóðartekjunum er talin 420 m. kr. Þetta þýðir að hlutur iðnaðarins í verklegum framkvæmdum er árið 1947 talinn 129 m.kr., og er í þessari upphæð þó ekki talið verðmæti afurða eða þjónusta (sem keypt er til framkvæmdanna) þeirra iðngreina, sem talðar eru sérstaklega í rannsókninni.

Þeim iðnaði sem rannsókn fjárhagsráðs nær til, er skipt í tvennt: A. iðnaði sem notar innlent hráefni sem aðalefni; B. iðnaði, sem notar erlent hráefni sem aðalefni. Til þess iðnaðar, sem vinnur úr innlendum hráefnum teljast hráðfrystihúsin, síldarverksmiðjurnar, fiskimjölverksmiðjurnar, lýsisbræðslurnar, niðursuðuverksmiðjurnar og mjólkurbúin, ásamt fleiru.

Til þess iðnaðar, sem notar aðallega erlend hráefni teljast m.a. eftirfarandi greinar framleiðslunnar: brauðgerðir, kaffibrennslur, efnalaugar og fatahreinsanir og prentsmiðjur. Þá teljast einnig til þessa iðnaðar trésmiðjurnar og bifreiðaverkstæðin, og svo ýmsar greinar, sem standa í beinu sambandi við útflutningsframleiðsluna: veiðarfaraverksmiðjur, vinnufata- og sjóklæðagerðir.

Framleiðsluverðmæti (netto) þess iðnaðar, sem notar innlend hráefni, sem aðalefni, nam 116 m.k., en þess iðnaðar, sem vinnur úr erlendu hráefni, sem aðalefni, 175 m.kr., samtals 291



m. kr. Hér má bæta við að hinn fyrrnefndi vinnur úr innlendum hráefnum sem kosta 235 m. k., hinn síðarnefndi úr innfluttum hráefnum, sem kosta 111 m. k.

Samkvæmt þeirri þrískiptingu "iðnaðarins", sem hér hefir verið fylgt, skiptist hlutur hans í þjóðartekjunum 1947, þannig:

	m. kr.	%
Iðnaður, aðallega innlend hráefni	116	8.8
" " " erlend " "taklega upp	175	13.3
" " " í sambandi við verkl. framkv.	129	9.8
Hér á eftir er iðnaðinn, Samtals	420	31.9

(Þá má og benda á, að því hærri sem tollarnir eru og afköst iðnaðarins, sem framleiðir fyrir innlenda markaðinn, rýrari, þeim mun dýrari verða afurðir hans, og reiknast þá verðmetari og stærri hluti þjóðarteknanna. Til skýringar má segja að hefðu þær vörur verið framleiddar í landinu, sem fluttar voru inn fyrir þessar 116 m. k., sem sá iðnaður framleiddi, sem selur afurðir sínar að mestu úr landi, þá hefði áreiðanlega kostað meira en 116 m. k. að framleiða þær, og þjóðartekjurnar því aukist við að taka upp þá framleiðslu, en leggja iðnaðinn, sem vinnur úr innlendum hráefnum niður. Raunverulega myndi þjóðin hafa orðið fátækari við slíka breytingu).

### III.

Í þeim skrifum og almennu umræðum, sem orðið hafa um "iðnaðinn" undanfarið, hafa flestir haft í hug þann hluta iðnaðarins, sem vinnur úr erlendum hráefnum iðnaði og sem ekki nýtur sérstakrar (eðlilegrar) aðstöðu sökum legu landsins (þar greinar hans sem taldar veru veru upp hér að framan) eða sem/nátengdar eru höfuðatvinnuveg-



unum, (fiskveiðum, landbúnaði, ~~samgöngum~~), einkum útflutnings-  
framleiðslunni, <sup>Mein hafa það í hug</sup> og ~~þá~~ sérílagi þann iðnað sem forvígismenn FÍI  
veita forstöðu.

Með því að styðjast við lista yfir 40 verksmiðjur hér í  
Reykjavík, sem birtist í Þjóðviljanum 13. janúar s.l., í sam-  
bandi við niðurstöður á athugun atvinnuálanefndar fulltrúaráðs  
verkalýðsfélaganna, og það sem skýrsla fjárhagsráðs um iðnaðinn  
gefur sjálf til kynna, má taka sérstaklega upplýsingarnar um  
þennan iðnað úr skýrslunni.

Hér á eftir er iðnaðinum, sem í skýrslu Fjárhagsráðs er  
talinn hafa erlend hráefni sem aðalefni, skipt í þrennt:

1. Iðnaður, sem ekki virðist standa í beinu sambandi við  
höfuð atvinnuvegina: Sælgæti og efnagerðir, Sápu-, snyrti-  
og hreinlætisverksmiðjur, Vefnaðarvöruiðnaður (sjóklæði og  
vinnuföt, annar ytri fatnaður, nærfatnaður, þrjónastofur,  
vefstofur, teppagerð, o.s.frv.), Leðurvöruverksmiðjur (skó-  
smíðar, inniskór, annar leðurvöruiðnaður), Gúmmívöruverkstæði,  
Lakk- og málningarvörur, Ofna- og raftækjaverksmiðjur.  
Hlutdeild í þjóðartekjum 1947, samtals 34,5 m. kr. eða  
2.6%.

2. Iðnaður, sem virðist standa í beinu sambandi við höfuð  
atvinnuvegina: Umbúðaverksmiðjur, Skipasmíðastöðvar, Vél-  
smiðjur, Málmsteypur og málmhúðun, Blikksmiðjur og dósa-  
verksmiðjur, Veiðarfaraverksmiðjur.  
Hlutdeild í þjóðartekjum 1947, samtals 40.7 millj. eða  
3.1%.

3. Annar iðnaður, sem vinnur úr erlendum hráefnum: Brauða-  
og kökugerðir, Smjörlikisgerðir, Öl- og gosdrykkjagerðir,  
Kaffibrennslur og kaffibætisgerðir, Efnalaugar og fæta-  
hreinsanir, Trésmiðjur, Húsgagnabólstrun, Steinsteypuverk-



stæði, Reiðhjólaverkstæði, Bifreiðaverkstæði, Glerslipun og speglagerð, Prentsmiðjur, Ýmislegt.

Hlutdeild í þjóðartekjum 1947, samtals 100 m. kr. eða

7.6%.

*Samtals 1+2+3: 175 m. kr. eða 13.3% þjóðarteknanna (skr. bl. 3).*

Af framanskráðu virðist eðlilegast að telja iðnaðinn eins og hann er kallaður í daglegu tali, kringum 6% af þjóðartekjunum <sup>(1+2)</sup>. En þá er talið til hans ýmisskonar framleiðsla, sem er nátengd útflutningsframleiðslunni. Hinn eiginlegi neyzluvöruiðnaður, sem framleiðir úr erlendum hráefnum í samkeppni við innfluttan varning, er lítið brot, varla yfir 2% þjóðarteknanna.